

Miðvikudaginn 9. nóvember 1977.

Nr. 132/1975. **Kr. Kristjánsson h/f**
(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn

Jónasi Guðlaugssyni og gagnsök
(Kristján Eiríksson hrl.).

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson og prófessor Sigurður Líndal.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 22. september 1975. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann aðallega málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður falli niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 26. september 1975. Krefst hann staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms komu fyrir dóm þrír menn, er störfuðu hjá iðnaðardeild aðaláfrýjanda. Varðar vætti þeirra framleiðslu á tilteknum vörum á vegum deildarinnar, einstaka verkþætti og að nokkru rekstrargrundvöll. Eigi þykir efni til að rekja vitnaskýrslur þessar í einstökum atriðum.

Hér fyrir dómi eru aðiljar á einu máli um, að skuldir þær, er aðaláfrýjandi tókst á hendur að greiða vegna gagnáfrýjanda, hafi alls numið 6.202.217.73 krónum, en eigi 6.273.393.00 krónum, svo sem segir í héraðsdómi.

Staðfesta ber héraðsdóm með skírskotun til forsendna hans.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 200.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Kr. Kristjánsson h/f, greiði gagnáfrýj-

anda, Jónasi Guðlaugssyni, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Jónas Guðlaugsson, Gnoðarvogi 64 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 15. maí 1971, á hendur Kr. Kristjánsyni h/f hér í borg og gert þær dómkröfur aðallega, að stefnda verði gert að greiða kr. 1.726.607.28 með 7% ársvöxtum frá 29. janúar 1969 til 31. maí 1970 og með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, en til vara, að stefnda verði gert að greiða 2/10 hluta af kr. 1.726.607.28 með 7% ársvöxtum af kr. 172.660.72 frá 29. janúar 1969 til 31. maí 1970 og 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af kr. 345.321.44 frá þeim degi til greiðsludags og enn fremur verði stefnda gert að gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðs, kr. 1.381.286.44, er beri 7% ársvexti, sem reiknist frá 31. maí 1971, en skuldabréfið greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 8 árum frá 31. maí 1971 að telja með gjalddaga 31. maí ár hvert, í fyrsta sinni 31. maí 1972. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda. Við munnlegan flutning málsins var gerð breyting á kröfum stefnanda, og eru endanlegar dómkröfur stefnanda þær aðallega, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 1.726.607.00 með 7% ársvöxtum frá 29. maí 1969 til 31. maí 1970 og með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til 16. maí 1973 og 1.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 2% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, en til vara, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 841.520.00 með vöxtum eins og í aðalkröfu. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að hinn 29. janúar 1969 gerðu stefnandi og Friðrik Kristjánsson fyrir hönd stefnda svohljóðandi samning:

„Við undirritaðir Jónas Guðlaugsson, Eikjuvogi 23, Reykjavík,

og Kr. Kristjánsson h.f., Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, gerum með okkur eftirfarandi kaupsamning og samkomulag.

Kr. Kristjánsson h.f. kaupir af Jónasi Guðlaugssyni allar vélar, pressur, verkfæri, mót, stansa og annað tilheyrandi verksmiðjurekstri þeim, sem hann hefur rekið á Sauðárkróki síðastliðin 4 ár eða þar um bil, samkvæmt nánari skrá, sem síðar verður útbúin. Húseignin Sæmundargata 7 er ekki innifalin.

Kaupverð á ofanskráðu er kr. 8.000.000.00 — Átta milljónir og 00/100 — og mun Kr. Kristjánsson h.f. sjá um að taka yfir og greiða eða semja um greiðslu á öllum skuldum Jónasar, sem nánar verður getið um í sérsamningi, en skuldir þessar eru lauslega áætlaðar u. þ. b. kr. 6.500.000.00 til kr. 7.000.000.00 og verða ekki greiddar nema í samráði við Jónas og með hans samþykki.

Mismun á yfirteknum skuldum og ofanskráðu kaupverði mun Kr. Kristjánsson h.f. greiða Jónasi með skuldabréfi eða skulda-bréfum, sem greiðast upp með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á næstu 10 árum, í fyrsta sinn ca. í maímánuði 1970. Það skal þó greinilega tekið fram, að samkomulag er milli aðila, að ofanskráður mismunur verður ekki greiddur, sýni það sig á næstu 12 mánuðum, að grundvöllur fyrir arðbærum rekstri verksmiðjunnar sé ekki fyrir hendi, og verður nánar getið um þetta atriði í samningi, sem síðar verður gerður.

Samkomulag er um, að Jónas Guðlaugsson verði fastráðinn starfsmaður við verksmiðjurekstur Kr. Kristjánssonar h.f. frá og með 1. febrúar 1969, og verða mánaðarlaun hans eigi lægri en kr. 30.000.00, en sérstakur samningur verður og gerður um starfssvið Jónasar og skuldbindingar hans, hætti hann að starfa hjá fyrirtækinu.

Svo sem að framan er skráð, munu nákvæmari samningar verða gerðir um hin ýmsu atriði, en þar til mun samningur þessi verða skuldbindandi fyrir báða aðila.

Til staðfestingar framanskráðs rita báðir aðilar undir samning þennan, sem gerður er í tvíriti, og heldur hvor aðili sínu eintaki. Einnig var samkomulag um, að sá möguleiki sé fyrir hendi, að Jónasi Guðlaugssyni verði gefinn kostur á að kaupa hlutabréf í Kr. Kristjánssyni h.f. að nafnverði ca. kr. 100.000.00“.

Er vélar og búnaður verksmiðjunnar hafði verið fluttur til Reykjavíkur og hafði verið komið fyrir í húsnæði stefnda, hófst verksmiðjurekstur á vegum stefnda. Stefndi greiddi og tók að sér að greiða skuldir stefnanda, og er ágreiningslaust, að heildar-

fjárhæð þeirra greiðslna nemi kr. 6.273.393.00. Ekki varð af því, að gerðir væru samningar milli aðiljanna, svo sem ráð var fyrir gert í samningi þeirra frá 29. janúar 1969. Ekki gaf stefndi út skuldabréf, svo sem ráð var fyrir gert í sama samningi. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til fullnægingar á samningi aðiljanna frá 29. janúar 1969.

Af hálfu stefnda hefur verið lagður fram rekstrarreikningur iðnaðardeildar fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. febrúar — 31. desember 1969 og efnahagsreikningur deildarinnar miðaður við 31. desember 1969. Eru reikningar þessir samdir af Bjarna Bjarnasyni, löggiltum endurskoðanda, og fylgja þeim athugasemdir hans. Eru reikningarnir og athugasemdirnar svohljóðandi:

„REKSTRARREIKNINGUR 1. FEBR. — 31. DES. 1969

G J Ö L D

Hráefnanotkun:

Keypt á árinu	kr. 1.757.134.90	
Birgðir í árslok	— 287.282.00	kr. 1.469.852.90
		<hr/>
Vinnulaun		— 1.679.809.00
Vextir og bankakostnaður		— 531.254.23
Húsaleiga reiknuð Kr. Kristjánssyni h.f.		— 167.000.00
Þátttaka í skrifstofukostnaði Kr. Kr. h.f.		— 350.000.00
Rafmagn, hiti, ræsting		— 122.337.25
Auglýsingar og markaðskönnun		— 82.356.15
Tryggingar		— 92.806.00
Opinber gjöld		— 121.060.00
Reksturs- og hjálparefni v. framleiðslu		— 83.278.82
Viðhald húss og véla		— 59.302.55
Handverkfæri		— 12.802.00
Prentun, pappír		— 10.442.50
Lífeyrissjóður		— 9.324.00
Sjúkra- og slysakostnaður		— 5.508.00
Fyrningar:		
Vélar og áhöld	kr. 1.118.860.00	
Stofnkostnaður	— 31.197.00	
Innréttingar	— 70.055.00	
Innbú	— 920.00	— 1.221.062.00

Kr. 6.018.195.40

Birgðir 31. 12. 1969:

Fullunnar vörur	kr. 448.162.00	
Hálfunnar vörur	— 222.870.00	kr. 671.032.00

 Framleiðslukostnaður 1969 kr. 5.347.163.40

TEKJUR:

Vörusala	kr. 4.996.963.50
Rekstrarhalli	— 350.199.90

 Samtals kr. 5.347.163.40

EFNAHAGSREIKNINGUR PR. 31. 12. 1969

EIGNIR:

Birgðir:

Hráefni	kr. 267.282.00	
Hálfunnar vörur	— 222.870.00	
Fullunnar vörur	— 448.162.00	kr. 958.314.00

Fyrirfram greiddur kostnaður	kr. 114.230.00	
Vélar og áhöld, kaupverð	kr. 6.713.157.00	
Fyrning, 16.2% í 11 mánuði ..	— 1.118.860.00	kr. 5.594.297.00

Innréttingar, kaupverð	kr. 467.239.32	
Fyrning, 20% í 9 mánuði	— 70.085.00	kr. 397.154.32

Stofnkostnaður, kostn.verð	kr. 207.960.35	
Fyrning, 20% í 9 mánuði	— 31.197.00	kr. 176.783.35

Innbú, kostn.verð	kr. 14.610.00	
Fyrning 12%	— 920.00	kr. 13.690.00

Höfuðstóll:

Rekstrartap	kr. 350.199.90
-------------------	----------------

 Samtals kr. 7.604.668.57

SKULDIR:

Önlánasjóður	kr. 2.243.006.00
Búnaðarbanki Íslands, Sauðárkróki	— 1.200.000.00

Handhafaskuldabréf	kr. 150.000.00
Steypustöðin h.f.	— 121.000.00
Gjaldheimtan í Reykjavík	— 73.446.00
Hitaveita Reykjavíkur	— 77.690.00
Samþykktir víxlar	— 1.056.345.74
Yfirdráttur hlr. Búnaðarbanki Íslands	— 968.207.92
Ógreiddur kostnaður og áfallnir ógjaldf. vextir	— 222.584.00
Opinber gjöld	— 121.060.00
Kr. Kristjánsson h.f.	— 1.371.328.91

Samtals kr. 7.604.668.57

Athugasemdir við ársreikning Fikk 1969

Meðfylgjandi rekstrarreikningur er saminn skv. bókhaldi Kr. Kristjánssonar h.f. þar sem iðnaðardeildin Fikk er færð sem sérstök deild. Rekstrarreikningur sýnir rekstur frá byrjun febrúar/marz til ársloka. Vakinn skal athygli á eftirfarandi atriðum.

1. Vinnulaun fastra starfsmanna eru gjaldfærð frá því er þeir höfu störf við deildina til áramóta.

2. Vextir og bankakostnaður. Tilfærðir eru vextir af lánsfé, söluvixlum, yfirdrætti á hlaupareikningi, sem eingöngu er notaður af deildinni, rekstrarfé frá Kr. Kristjánsson h.f., 9½% af áætlaðri 1. milljón í 10 mánuði. Fyrirfram greiddir vextir eru vegna víxla til lengri tíma.

3. Opinber gjöld eru tilfærð eins og þau voru á lögð 1970.

4. Húsaleiga er reiknuð Kr. Kristjánsson h.f. til tekna. 400 m² @ Kr. 50.00 í 10 mánuði. Kr. 167.000.00.

5. Þátttaka í skrifstofukostnaði Kr. Kristjánsson h.f. kr. 350.000.00 — er vegna ýmissa skrifstofu- og stjórnaraðstoðar, sem deildin fékk.

6. Birgðir eru metnar skv. meðfylgjandi birgðalistum starfsmanna Fikk. Afskrift birgða er ákvörðuð af forstjóra Kr. Kr. h.f.

7. Fyrningar:

Vélar og áhöld eru fyrnd um 20% p. a. Fyrningatími er frá 1. 3. Ördugt er að segja til um endingatíma slíkra véla, sem að auki eru keyptar gamlar. V. stofnkostnaður, þ. e. kostnaður vegna flutnings véla og uppsetningu og fl., er fyrndur um 20%. Starfi fyrirtækið styttri tíma í þeim rekstri, sem skapað hefur stofnkostnaðinn, ber að fyrna hann á þeim tíma.

Sama máli gildir að verulegu leyti um innréttingar húsnæðis, ef þær verða ekki nýttar í húsnæði með breyttum rekstri. Inn-

réttingar eru fyrntar með hliðsjón af því, að núverandi húsnæði væri ekki til langframa (5 ár).“

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að rétt eftir 1. febrúar 1970, þ. e. eftir að tími sá hafi verið liðinn, sem hann hafi talið, að ætti að skera úr um rekstrargrundvöll fyrirtækisins, hafi hann spurt Friðrik Kristjánsson, hvort fyrirtækið hefði borið sig. Hafi Friðrik svarað, að hagnaður hefði orðið kr. 200.000.00 til kr. 300.000.00. Stefnandi kveðst hafa spurt Friðrik þess sama nokkru síðar og hafi Friðrik þá svarað, að hagnaður hefði orðið kr. 300.000.00 til kr. 400.000.00. Kveðst stefnandi hafa krafist að fá greiddan mismun þann, sem um var samið, en Friðrik hafi svarað, að ekki væri hægt að ganga frá þessu fyrir en bókhald fyrirtækisins lægi fyrir endanlega. Stefnandi kveður Friðrik hafa mælst til þess, að hann ynni áfram að nokkrum verkefnum, sem hann hafi annað hvort verið byrjaður á eða hafði þegar fengið hugmynd að. Kveður hann sér hafa verið lofað uppgjöri á skuldabréfunum og hafi það átt að miðast við það, að hann lyki ákveðnum verkefnum, sem hann hafi annað hvort verið byrjaður á eða verið búinn að fá hugmynd að. Stefnandi kveður verkefni þessi hafa verið framlengingarhólk fyrir 5/8 rafmagnsrör, ljúka við lamir, sem byrjað hafi verið á, og ljúka við uppfinningu á hljóðkút, sem unnt átti að vera að nota við flestar gerðir bifreiða. Kveðst stefnandi hafa lokið við framlengingarhólkinn og hljóðkútinn. Hann kveður tæknifræðing hafa tekið fram fyrir hendur sér við smíði lamanna og hafi hann því hætt afskiptum af smíði þeirra. Kveðst stefnandi hafa unnið að verkefnum þessum í sumarleyfi starfsfólksins sumarið 1970 og þá lagt á sig mikla vinnu og erfiði til að flýta uppgjörinu við stefnda. Hann kveður framlengingarhólkinn hafa verið tilbúinn til framleiðslu, þegar starfsfólkið kom úr sumarleyfi og um hálfum mánuði síðar hafi hljóðkúturinn verið tilbúinn. Að þessu loknu kveðst stefnandi hafa óskað eftir, að uppgjör færi fram, og hafi hann í því sambandi snúið sér til þáverandi lögfræðings síns, Knúts Bruun. Stefnandi kveðst nú hafa sagt tæknifræðingi þeim, sem ráðinn hafði verið verksmiðjustjóri, að hann ætlaði í sumarleyfi og óskaði eftir að verða ekki ónáðaður á meðan. Kveður hann tæknifræðinginn hafa sagt Friðrik Kristjánssyni frá þessu, er þá hafi sagt, að stefnandi hefði lofað að smíða stansa fyrir hljóðkútinn og koma honum á markað. Stefnandi kveður það aldrei hafa verið ætlunina, að hann þyrfti

að ljúka þessu í einni lotu, og kveðst aldrei hafa lofað því. Kveðst hann hafa verið búinn að ráðgera það við vélsmið, sem þarna vann, að hann héldi áfram starfinu við hljóðkútinn, á meðan hann, þ. e. stefnandi, færi í sumarleyfi, en Friðrik Kristjánssyni hafi ekki verið kunnugt um þetta. Stefnandi kveðst nú hafa rætt við lögfræðing sinn og hafi verið ætlunin að ganga frá uppgjöri daginn eftir, en er hann ræddi þá við lögfræðinginn, hafi hann sagt Friðrik Kristjánsson neita að ganga frá uppgjöri á þeirri forsendu, að hann, þ. e. stefnandi, ætlaði að fara í sumarleyfi og vildi ekki láta ónáða sig á meðan. Stefnandi kveður Friðrik hafa verið að fara til útlanda, en er hann kom aftur, kveðst stefnandi hafa rætt við hann og spurt, hvort ekki ætti að ganga frá uppgjöri. Hann kveður Friðrik hafa svarað, að hann væri ekki reiðubúinn til þess, en það mætti athuga það á næsta ári. Stefnandi kveðst nú hafa verið búinn að bíða lengi eftir uppgjöri og kveðst hafa sagt Friðrik, að hann, þ. e. stefnandi, starfaði ekki lengur hjá fyrirtækinu. Stefnandi kveðst ekki hafa séð rekstrarreikninga þá, sem stefndi hefur lagt fram í málinu, fyrr en undir rekstri máls þessa og kveður aldrei hafa verið borið undir sig eitt eða neitt í sambandi við þá. Hann kveður verksmiðjunni hafa verið komið fyrir í húsnæði, sem ekki hafi verið fullnýtt fyrir bifreiðasölu, og hafi sá hluti verið góður, en þó mátt vera dálítið stærri. Hann kveður skjal það, sem af hálfu stefnda sé sagt kostnaðaráætlun, sem gerð hafi verið áður en verksmiðjan hóf rekstur, ekki hafa verið borið undir sig. Stefnandi kveðst aldrei mundu hafa samþykkt þá fjárhæð, sem er þátttaka í skrifstofukostnaði stefnda, kr. 350.000.00.

Friðrik Kristjánsson, framkvæmdastjóri stefnda, hefur skýrt svo frá, að um áramótin 1968—1969 hafi hann auglýst eftir kaupum á iðnfyrirtæki, en hugmyndin hafi verið sú að steypa slíkum rekstri saman við rekstur stefnda, sem fyrir var, en þar sé um að ræða umfangsmikla verslun með bifreiðar. Hafi ætlunin verið m. a. að skapa meiri festu og öryggi í rekstri fyrirtækisins og gera það óháðara þeim hagsveiflum, sem orðið hefðu undanfarinn áratug, en fyrir slíkum sveiflum sé innflutningur bifreiða mjög viðkvæmur. Friðrik kveður nú greinda auglýsingu hafa birst í Morgunblaðinu skömmu eftir áramót 1968—1969. Meðal þeirra, sem svöruðu auglýsingunni, hafi verið stefnandi máls þessa og hafi þeir fljótlega ræðst við. Friðrik kveður stefnanda hafa skýrt sér frá því, að hann væri með verksmiðjurekstur á Sauðárkróki og hafi hann í því sambandi lagt mikla áherslu á framleiðslu

hljóðkúta, sem þegar væru hannaðir. Hafi stefnandi sagt, að ekki vantaði nema herslumun til að hefja framleiðslu á þeim fyrir íslenskan markað og mundu þeir fyllilega standast samkeppni við erlenda framleiðslu, bæði hvað snerti gæði og verð. Friðrik kveður stefnanda hafa látið sér í té eintak af 10. tbl. Alþýðumannsins á Akureyri frá 1968, sem haft hafi að geyma m. a. heilsíðugrein um stefnanda og fyrirtæki hans og framleiðslu á Sauðárkróki. Friðrik kveður stefnanda hafa skýrt sér frá því, að fyrirtæki hans ætti í fjárhagsörðugleikum, allmargar fjárnáms- og uppboðskröfur væru á fyrirtækinu og væri hótad nauðungarsölu á eignum þess vegna þeirra skulda. Friðrik kveður stefnanda hafa tjáð sér, að erfiðleikar fyrirtækisins stöfuðu eingöngu af skilningsleysi bankastofnana og yfirvalda og hefði fyrirtækið af þessum sökum orðið að stöðva rekstur sinn um nokkra mánuði. Friðrik kveður stefnanda hins vegar hafa staðhæft, að rekstur fyrirtækisins væri arðbær og það mundi skila hagnaði, ef hann fengi vinnufrið fyrir skuldheimtumönnum og nægilegt fé til hráefnakaupa. Til staðfestingar á þessu kveður Friðrik stefnanda hafa lagt fram skrá, er hann hafi sagt sýna árlega markaðsþörf og árlega framleiðslu fyrirtækisins undanfarin ár. Kveður Friðrik stefnanda hafa sagt, að markaður væri tryggður fyrir þessar vörur, en auk þess væri unnt að auka framleiðsluna, án þess að bæta þyrfti við nýjum vélum, enda væru þegar hannaðir ýmsir munir og ekki vantaði nema herslumun, til að unnt væri að hefja framleiðslu, og þyrfti aðeins nokkurt fjármagn til hráefnakaupa til þeirrar framleiðslu. Friðrik kveður stefnanda einnig hafa talið markað fyrir þær vörur vísan. Friðrik kveðst hafa óskað eftir að fá að sjá bókhaldsgögn verksmiðjunnar, en stefnandi hafi talið tormerki á því, sem sé þau væru í geymslu í kössum og væru því ekki aðgengileg. Friðrik kveðst ekki hafa séð ástæðu til að veffengja staðhæfingar stefnanda, þótt hann gæti ekki stutt þær með upplýsingum úr bókhaldi sínu. Hins vegar kveðst Friðrik hafa fengið staðfestingu á því, að pantanir hefðu verið gerðar á allmiklu magni framleiðslunnar og sambærilegar við þær upplýsingar, sem höfðu verið gefnar. Hluti af þessum vörum hafi átt að greiðast með gjaldfresti í 9 mánuði, en það hafi einmitt gefið til kynna, að stórkaupmaður sá, sem hafi pantað þann hluta, hygðist selja allt það magn á einu ári og að það síðast, sem þannig væri selt, seldist gegn þriggja mánaða víxli, svo sem títt mun vera í viðskiptum stórkaupmanna og kaupmanna. Á grundvelli þessara upplýsinga kveðst Friðrik ásamt stefnda hafa gert áætlun um

rekstur verksmiðjunnar og hafi þeir í því sambandi aflað sér upplýsinga um verðhækkanir, sem orðið höfðu frá því stefnandi hafði framleitt þessar vörur síðast, og um verð á sambærilegum hlutum og hafi þeir reynt að mynda sér skoðun um eðlilegt markaðsverð í samræði við söluaðilja. Áður en gengið var frá samningi aðiljanna, kveðst Friðrik hafa fengið vélaverkfræðing til að framkvæma skoðun á vélum í verksmiðju stefnanda og meta verðgildi þeirra. Mat verkfræðingsins hafi verið mun lægra en það, sem greinir í samningi aðiljanna, en Friðrik kveðst hafa bent stefnanda á, að ef leggja ætti til grundvallar mat verkfræðingsins, þá mundi kaupverðið ekki verða hærra en um það bil kr. 6.500.000.00, en hins vegar hafi þeir gert sér grein fyrir því, að sú fjárhæð væri um það bil nægileg til að greiða gjaldfallnar skuldir stefnanda og mundi þá ekkert af söluandvirðinu renna til stefnanda sjálfs. Friðrik kveður það hafa verið álit sitt, að rekstrarmöguleikar verksmiðjunnar hlutu að byggjast algerlega á starfskrafti stefnanda og þess vegna yrði nauðsynlegt að skapa honum þá aðstöðu, að hann yrði ánægður og eygði einhverja hagnaðarvon, ef reksturinn gengi vel. Með hliðsjón af þessu og í stað þess að þrætta um verð kveðst hann hafa ákveðið að samþykkja verðtilboð stefnanda með ákveðnum skilyrðum. Friðrik kveðst hafa skýrt stefnanda frá því, að þeim væri bádum ljóst, að gagntilboð frá hendi stefnda væri eðlilegt og mætti í því reikna með verulegri lækkun. Af þeim pöntunum, sem fyrir lögju hjá verksmiðjunni, mætti sjá, að nægileg verkefni væru fyrst um sinn, eftir að verksmiðjan færi af stað aftur, en það, sem mestu máli skipti í þessu efni, væru þó möguleikar til framtíðarreksturs og þess vegna væri áhætta stefnda í því fólgin, að upplýsingar stefnanda um framtíðarsölumöguleika á framleiðsluvörum verksmiðjunnar reyndust réttar. Hins vegar væri áhætta stefnanda í þessu efni engin, þar sem hann með þessu móti tapaði aðeins væntanlegum söluhagnaði, gengi frá viðskiptunum sem skuldlaus maður, en ekki sem gjaldþrota, eins og fyrirsjáanlegt væri þá. Af þessum ástæðum kveðst Friðrik hafa lagt til, að það væri skilyrði fyrir kaupunum, að þeir gerðu samkomulag um það, að sá mismunur, sem kæmi fram á yfirteknum skuldum og kr. 8.000.000.00, yrði ekki greiddur, nema það sýndi sig að ári liðnu, þ. e. eftir að verksmiðjan hefði starfað í eitt ár, eða sem sé þegar búið væri að framleiða og afgreiða þær pantanir, sem þá lágu fyrir, að þær upplýsingar um rekstrargrundvöllinn, sem stefnandi hafði gefið, væru réttar og að grundvöllurinn fyrir arðbærum rekstri væri fyrir

hendi. Ef sá grundvöllur væri fyrir hendi, skyldi sóknaraðili fá mismuninn á yfirteknum skuldum og kr. 8.000.000.00 greiddan á tíu árum, en ef það sýndi sig, að ekki væri grundvöllur fyrir arðbærum rekstri verksmiðjunnar, þá skyldi stefnandi enga frekari greiðslu fá, enda hefði stefndi þá þegar tapað of miklu á fyrirtækinu með yfirtöku skuldanna og greiðslu þeirra. Friðrik kveður stefnanda hafa fundist þetta mjög heiðarlegt tilboð og hafi hann ítrekað, að ef þær upplýsingar, sem hann hefði gefið, væru ekki réttar og ef hann gæti ekki rekið fyrirtækið með hagnaði, þegar hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur af fjárhag þess, þá hefði hann ekki neinn áhuga á að fá mismuninn greiddan, því skellur stefnda yrði nógu stór. Friðrik kveður sér hafa þótt þetta sanngjarnt af hálfu stefnanda og kveður það hafa styrkt sig í þeirri trú, að upplýsingar þær, sem stefnandi hafði gefið, væru réttar. Með þessum skilningi kveður Friðrik svo samning aðilja hafa verið undirritaðan hinn 29. janúar 1969. Skömmu síðar kveður Friðrik undirbúning hafa hafist að flutningi vélanna frá Sauðárkróki og hafi verið gert ráð fyrir, að verksmiðjan gæti þegar tekið til starfa hér í borg, enda hafi húsnæði fyrir hana þegar verið tilbúið. Friðrik kveður hins vegar hafa komið í ljós, að yfirfara þurfti vélarnar, en hann og stefnandi hafi verið sammála um það, að þær þyrftu að vera í fullkomnu lagi, þegar reksturinn hæfist. Hafi verið reiknað með því, að vélarnar yrðu tilbúnar til að framleiðsla gæti hafist innan tveggja mánaða, en ekki hafi þó verið unnt að hefja framleiðslu fyrr en hinn 2. júní 1969. Friðrik kveður í fyrstu hafa verið unnið að því að framleiða þær vörutegundir, sem stefnandi hafði áður framleitt á Sauðárkróki og þegar höfðu verið pantaðar hjá honum, en hann hafði ekki getað sinnt að framleiða. Sú framleiðsla hafi staðið fram eftir árinu, og þar sem þær vörur höfðu nánast verið seldar hafi verið vitað, að ekki yrði tap á rekstrinum, á meðan væri verið að framleiða upp í þær pantanir. Friðrik kveður stefnanda hafa þurft að ganga endanlega frá tæknilegum búnaði, til þess að unnt væri að hefja framleiðslu á vörum þeim, sem stefnandi hafði sýnt honum og áttu að tryggja áframhaldandi rekstur. Kveður hann stefnanda jafnan hafa skýrt sér frá því, að það tæki nánast engan tíma að ganga frá þessu. Hins vegar hafi orðið dráttur á því, að stefnandi kæmi þessu í verk þrátt fyrir ábendingar og tilmæli sín. Friðrik kveður það hafa sýnt sig í ársbyrjun 1970, að þær upplýsingar um eftirspurn og markað fyrir vörurnar, sem stefnandi hefði gefið, væru á engum rökum reistar, þar sem hann hefði reiknað með hliðstæð-

um pöntunum á hinum sömu munum og á árinu á undan á grundvelli upplýsinga stefnanda. Kveðst Friðrik hafa lagt á það mikla áherslu, að stefnandi lyki við það, sem á vantaði, til þess að unnt væri að hefja framleiðslu á þeim munum, sem stefnandi hafði sýnt og voru með í kaupum aðiljanna. Friðrik kveðst einnig hafa skýrt stefnanda frá því, að grundvöllur fyrir arðbærum rekstri verksmiðjunnar áfram væri ekki fyrir hendi eins og þá stæði, en hann væri hins vegar reiðubúinn til að fresta úttektinni á grundvöllinum, þangað til stefnandi hefði lokið þeim tæknilega undirbúningi, sem nauðsynlegur var til að hefja framleiðslu á hinum nýju munum. Kveðst Friðrik hafa lagt á það ríka áherslu, að stefnandi hraðaði þessum undirbúningi sem mest. Friðrik kveður nú hættu hafa verið á því, að stefndi tapaði öllu því fé, sem hann hafði þegar greitt lánardrottnum stefnanda. Til þess að draga úr þessu tapi hafi hann viljað treysta á stefnanda og freista þess, að hann lyki við undirbúning sinn, þannig að hægt væri að hefja framleiðslu á nýjum munum án tafar. Af þeirri ástæðu kveðst Friðrik hafa lýst sig reiðubúinn til að hefja samningaviðræður um áframhaldandi rekstur og uppgjör á kaupverði, enda væri þá unnt að finna grundvöll að arðbærum rekstri. Friðrik kveður þá stefnanda hafa átt nokkra fundi um þetta sumarið 1970 og hafi þá verið gerð drög að samningi og skuldabréfi, sem hafi verið hugsuð sem grundvöllur að framhaldi viðræðna þeirra. Friðrik kveður stefnanda nú hafa verið orðinn lausari við störf sín hjá fyrirtækinu, enda muni hann jafnframt samtímis hafa verið byrjaður á einhverri iðju í eigin húsnæði. Um það leyti sem starfsfólk verksmiðjunnar fór í sumarleyfi 1970, kveður Friðrik stefnanda hafa unnið að undirbúningsstörfum, til þess að unnt yrði að hefja hina nýju framleiðslu, þegar starfsfólkið kæmi úr sumarleyfi. Friðrik kveðst þá sjálfur hafa verið að fara í leyfi og kveðst hafa lagt á það ríka áherslu við stefnanda, að það brygðist ekki lengur, að lokið yrði þessu undirbúningsstarfi, áður en starfsfólkið kæmi úr sumarleyfi. Friðrik kveður það svo hafa gerst, að stefnandi hafi fyrirvaralaust hlaupist úr starfi sínu hjá stefnda, en honum hafi verið greidd laun til loka septembermánaðar 1970. Hann kveður ekki hafa orðið af samningum milli aðiljanna, en stefnandi hafi vitað fullvel, að grundvöllur fyrir arðbærum rekstri verksmiðjunnar hafi þá enginn verið.

Vitnið Bjarni Bjarnason, löggiltur endurskoðandi, hefur gert nánari grein fyrir rekstrarreikningi fyrir tímabilið 1. febrúar til 31. desember 1969. Hann kveður vinnulaun kr. 1.679.000.00 ein-

göngu vera vinnulaun fastra starfsmanna, en ekki aðkeypta vinnu við uppsetningu véla eða rafmagnskapla. Bjarni kveður iðnaðardeildina ekki hafa verið sjálfstæðan skattaðilja, en sé verið að kanna rekstrarafkomu eins eða fleiri þátta fyrirtækis, sé nauðsynlegt að taka tillit til þeirra opinberu gjalda, sem þeim verði gert að bera. Þótt ekki sé vitað á uppgjörstæði, hver álagning opinberra gjalda verði, þá sé hægt að áætla þessi gjöld, sem séu óháð tekjum og eingöngu bundin við þann rekstur, sem kunnur sé. Það, að fyrirtæki hafi ekki þá venju að áætla til gjalda þessi gjöld, sýnist ekki vera góð reikningsskilavenja, en skattayfirvöld heimili ekki, að gjöld þessi séu færð til frádráttar fyrir en á árinu, sem þau séu lögð á. Gjöld þessi kveður Bjarni vera aðstöðugjald, iðnlánasjóðsgjald, lífeyristryggingargjald vegna launa, slystryggingargjald vegna launa og atvinnuleysistryggingargjald. Hann kveður tvo fyrstu liði gjaldanna hafa numið 1.4% af brúttótekjum og geri það um það bil kr. 70.000.00, en hinir liðirnir nemi þá kr. 51.000.00. Varðandi viðhald húss og véla kveðst Bjarni telja, að þar sé að lang mestu leyti um að ræða viðgerðir á vélum, þar sem standsetning húsnæðisins eigi að færast á eignalið að öllu leyti. Hins vegar kveður hann það reynslu sína, að þó að um leiguhúsnæði sé að ræða, þá verði leigjandi oft á tíðum að taka á sig ýmiss konar smærra viðhald húsnæðis, aðallega innanhúss. Varðandi fyrningu á hráefnisbirgðum hefur Bjarni skýrt svo frá, að hann hafi ekki framkvæmt talningu birgða og ekki heldur metið birgðir, en hann hafi samþykkt, að þetta væri eðlilegt mat. Hann kveðst telja það góða reikningsskilavenju að ofmeta aldrei birgðir. Hins vegar fari mat eftir ýmsu, svo sem notkunarmögleikum, breytingu á markaði, geymslurýrnun o. fl. Hann kveður sér virðast 20% fyrningu á hráefnisbirgðum ekki óhæfilega, en þetta sé mat þeirra, sem það framkvæmi. Varðandi fyrningu á fullunnum og hálfunnum vörum framleiddum á því ári kveður Bjarni menn verða að gera sér grein fyrir, hvað sé verið að fyrna. Talningarverð þessara birgða muni hafa verið svokallað framleiðsluverð eða söluverð til heildsala, en það megi sundurliða þannig: Óbeinn kostnaður, og innan hans séu húsnæðiskostnaður, rafmagnskostnaður, vélanotkun, skrifstofukostnaður, framleiðslustjórn o. fl. Í annan stað sé um að ræða beinan kostnað, sem greinist í efniskostnað og vinnulaun. Í þriðja lagi komi sölukostnaður, sem greinist í vinnulaun, vaxtakostnað og birgðakostnað. Í fjórða lagi sé svo ágóði. Með tilliti til góðrar reikningsskilavenju um mat á birgðum kveður Bjarni augljóst, að nauðsynlegt sé að af-

skrifa verð birgða, þó ekki sé nema vegna tveggja síðustu liðanna í upptalningu þeirri, sem hann hefur rakið, þ. e. að ógætilegt sé að meta til eigna væntanlegan hagnað. Hann kveður sér finnast eðlilegt mat vera sá tilkostnaður, sem í verðmyndunina fari. Síðan verði að taka tillit til annarra sjónarmiða, svo sem hráefnis, markaðshorfa og sölumöguleika. Bjarni kveður sumt af framleiðsluvörum fyrirtækisins frá árinu 1969 hafa verið óseldar 1973. Bjarni kveður í ljós hafa verið komið, er hann samdi reikninginn, sem muni hafa verið í júlí 1971, að hætt hafi verið að nota margt af því, sem keypt hafði verið. Það segi sig sjálf, að ef ekki séu notkunarmöguleikar fyrir slíkar vélar, þá beri að afskrifa þær, ef ekki sé unnt að koma þeim í verð. Hann kveður fyrningu véla hafa verið orðið hærri, því að á árinu hafi verið afskrifuð sem ónothæf eina aðalvélin, sem hafi verið keypt og metin var á kr. 1.800.000.00, svokölluð stútavél. Þetta hafi ekki stafað af því, að vélin hafi verið óstarfhæf eða ónýtt, heldur vegna breyttra framleiðsluhátta. Af þessu megi sjá, hversu vandgerð sé ákvörðun um fyrningu á slíkum vélum. Varðandi fyrningu á rekstrar- og efnahagsreikningi hefur Bjarni skýrt svo frá, að þegar finna eigi réttasta niðurstöðu á rekstri, megi ekki blanda saman leyfilegum fyrningum til skatts og þeim fyrningum, sem réttar þykja í rekstri. Á árinu 1969 kveður hann í gildi hafa verið reglugerð nr. 79/1966 um skattafyrningar, þar sem hámarksfyrning iðnaðarvéla sé 18%. Hann kveður fyrningarprósentu rekstrarreiknings árána 1969 og 1970 ekki vera samkvæmt reglugerð þessari, heldur séu þær ákveðnar eftir mati.

Þá hefur komið fram bréf Bjarna Bjarnasonar, þar sem nánari grein er gerð fyrir launum tímabilið 1. febrúar til 31. desember 1969. Kemur þar fram, að ekki liggi fyrir nein gögn um það, við hvað starfsfólkið hafi starfað, en sýnilegt sé, að framleiðsla hafi byrjað af krafti í júnímánuði. Þá komi fram, að kostnaður við rafmagnskapal sé ekki innifalinn í vinnulaunum. Kveður Bjarni sér hafa verið tjáð, að störf stefnanda og Ellerts Guðmundssonar í febrúar/mái hafi verið fólgin í flutningi á vélum og efni frá Sauðárkróki til Reykjavíkur, uppsetningu véla í Reykjavík, lagfæringu og viðhaldi véla og undirbúningi að framleiðslu svo og skipulagningu nýrra viðfangsefna. Þá kemur og fram í bréfi þessu sundurliðun á viðhaldi húss og véla.

Vitnið Knútur Bruun hæstaréttarlögmaður hefur skýrt svo frá, að er það hafi fyrst haft afskipti af málefni aðiljanna, hafi legið fyrir samningur þeirra um kaup stefnda á vélum stefnanda. Kveð-

ur vitnið næstu afskipti sín af málinu hafa verið þau, að það hafi fyrir hönd stefnanda reynt að koma á samningum um endanlegt uppgjör á þeim grundvelli, að greiddur yrði mismunur á yfirteknum skuldum og umsömdu kaupverði. Hafi verið haldnir margir fundir, þar sem það og Friðrik Kristjánsson og stundum stefnandi hafi ræðst við. Kveður vitnið hafa komið fram í viðræðunum, að fyrirtækið hafi verið rekið með tapi, þó fyrst í stað hafi verið einhver hagnaður. Vitnið kveður stefnanda hafa gert ágreining varðandi þetta og hafi ekki fengist botn í þetta. Vitnið kveður viðræður hafa komist á það stig, að Friðrik hafi fallist á að gera upp mismun á yfirteknum skuldum og kaupverði gegn því, að stefnandi lyki við hönnun á þremur hlutum til framleiðslu. Hafi hlutir þessir verið hurðarlamir, sem þegar hafi verið byrjað að framleiða, rafmagnstengihólkur og hljóðkútur í bifreiðar. Kveður vitnið viðræður sínar hafa komist á það stig, að Friðrik hafi fallist á að gera þetta upp með útgáfu skuldabréfs að fjárhæð ríflega kr. 1.700.000.00, og hafi það verið þrátt fyrir það þótt Friðrik teldi stefnanda ekki hafa lokið við hönnun greindra hluta. Vitnið kveður stefnanda hafa samþykkt að ljúka málinu með þessum hætti. Vitnið kveður Friðrik nú hafa farið til útlanda, en kveður hann áður hafa hringt til sín og sagt sér, að þar sem stefnandi hefði ákveðið einhliða að fara í sumarleyfi, sæi hann ekki ástæðu til að ganga frá málinu að svo stöddu. Kveður vitnið töluvert ósamkomulag hafa verið milli stefnanda og Friðriks, er hér var komið. Vitnið kveður búið hafa verið að útbúa til undirskriftar skuldabréf að fjárhæð rúmlega kr. 1.700.000.00 og á síðasta stigi hafi legið fyrir uppköst að tveimur skjölum, afsali og samningi. Kveður vitnið stefnanda ekki hafa talið sig geta skrifað undir skjölin, þar sem hann hafi talið ákvæði, sem fjallað hafi um ráðningu hans hjá fyrirtækinu og hagnýtingu hugverka hans, að undanteknum framangreindum lögnum, framlengingarhólki og hljóðkút, fráleit.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að samkvæmt kaupsamningi aðiljanna hafi stefndi keypt verðmæti þau, sem þar eru tilgreind, og hafi umsamið söluandvirði verið kr. 8.000.000.00. Fjárhæð þessa hafi átt að greiða með þeim hætti, að stefndi tæki á sig skuldir, sem stöfuðu af verksmiðjurekstri stefnanda á Sauðárkróki, og semdi við lánadrottna stefnanda um þær. Þessu samningsákvæði hafi stefndi fullnægt og hafi hann greitt alls vegna stefnanda í þessu skyni kr. 6.273.393.00. Mismuninn á þessari fjárhæð og kr. 8.000.000.00 hafi stefndi átt að greiða með því að

gefa út til stefnanda skuldabréf til tíu ára með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta, er greiðast skyldu í fyrsta sinni í maí 1970, en sá fyrirvari hafi verið um greiðslu þessa, að hún skyldi ekki innt af hendi, nema það sýndi sig á næstu tólf mánuðum frá gerð sammingsins, að grundvöllur fyrir arðbærum rekstri verksmiðjunnar væri fyrir hendi. Er aðalkrafa stefnanda byggð á því, að rekstur verksmiðjunnar hafi verið arðbær á þeim tólf mánuðum, sem um er rætt í samningi aðiljanna, og hafi stefndi í ágústmánuði 1970 látið gera drög að samningi um áframhaldandi samstarf stefnanda og stefnda um störf hans við verksmiðjuna. Einnig hafi stefndi látið útbúa skuldabréf það, sem hann hafi átt að gefa út samkvæmt samningi aðiljanna. Hins vegar hafi nýi samningurinn aldrei verið undirritaður og hafi það stafað af því, að stefnandi hafi ekki getað unað ýmsum ákvæðum sammingsins, sem hann hafi ekki getað fengið leiðrétt, og ekki hafi stefndi gefið út skuldabréfið. Af þessu hafi svo leitt, að stefnandi hafi hætt starfi sínu hjá stefnda. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að þar sem stefndi hafi hvorki gefið út skuldabréfið samkvæmt samningi aðiljanna frá 29. janúar 1969 né innt af hendi greiðslur gjaldfallinna afborgana og vaxta, sem hann hafi átt að inna af hendi samkvæmt því, sé um svo verulegar vanefndir að ræða, að stefnanda sé heimilt að krefja stefnda um alla fjárhæð skuldabréfsins.

Að því er varðar rekstrarreikning fyrir tímabilið 1. febrúar 1969 til 31. desember 1969, sem af hálfu stefnda hefur verið lagður fram í máli þessu fyrir iðnaðardeild stefnda og út af fyrir sig er ekki ágreiningur um, að taki til þess rekstrar, sem fjallað er um í máli þessu, hafa komið fram mótmæli af hálfu stefnanda, sem nú verða rakin: Því er haldið fram, að vinnulaunaliður sé of hár og ekki í samræmi við uppgjörsvenjur, m. a. komi ekki fram, hvort undir þennan lið séu felld vinnulaun, sem raunverulega eigi að teljast til stofnkostnaðar, svo sem vinnulaun við flutning véla frá Sauðárkróki til Reykjavíkur. Þá er því haldið fram, að vextir, bankakostnaður og skrifstofukostnaður séu áætlaðir liðir, sem séu of háir. Þá er því haldið fram, að opinber gjöld hafi ekki áhrif á mat á því, hvort fyrirtækið sé arðbært, og því eigi ekki að taka hér með opinber gjöld. Þá er því haldið fram, að liðurinn „Viðhald húss og véla“ eigi ekki við rök að styðjast, er meta eigi arðbæri fyrirtækisins, því leigusali eigi að sjá um slíkt viðhald, en eigi hafi komið til viðhald á vélum þeim, sem komu frá stefnanda. Þá er því haldið fram, að öll fyrning sé frekleg og 20% afskrift af hráefni sé óheimil og óraunveruleg. Er á það bent, að

reikningur þessi sé saminn til uppgjör opinberra gjalda, en gefi ekki rétta mynd af arðbæri fyrirtækisins. Er því haldið fram, að reikningurinn sé ekki settur upp samkvæmt uppgjörsglum, sé ekki trúverðugur og verði stefndi að bera allan halla af skorti sannana á réttmæti bókhaldsins. Er því haldið fram, að ljóst hafi verið í janúar 1970, að fyrirtækið var arðbært og því beri stefnda að greiða aðalkröfu stefnanda.

Varakrafa stefnanda er byggð á því, að samningur aðiljanna hafi tekið til þess, að stefndi tæki að sér greiðslu veðskulda, sem hvíldu á eign stefnanda að Sæmundargötu 7 á Sauðárkróki. Þegar svo annar keypti þá eign og tók að sér veðskuldirnar, þá hafi lækkað sú fjárhæð, sem gert hafi verið ráð fyrir, að stefndi tæki að sér, og því beri stefnda að greiða þennan mismun. Er því haldið fram, að þetta hafi Friðrik Kristjánsson viðurkennt í rannsókn þeirri, sem fram hafi farið í sakadómi varðandi þetta atriði. Er því haldið fram, að varakröfu þessa sé heimilt að hafa uppi á grundvelli 113. gr. laga nr. 85/1936.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að það hafi komið í ljós, að skilyrði þau, sem sett hafi verið í samning aðiljanna frá 29. janúar 1969 fyrir því, að stefndi greiddi meira en hann hafði þegar gert með því að yfirtaka skuldir stefnanda, voru ekki fyrir hendi. Er því haldið fram, að það hafi sýnt sig í ársbyrjun 1970, að upplýsingar þær, sem stefnandi hafði gefið um markað fyrir framleiðsluvörur, væru ekki á rökum reistar, en fyrirsvarsmaður stefnda hafi á grundvelli upplýsinga stefnanda reiknað með hliðstæðum pöntunum á sömu vörum og árið áður. Því hafi verið lögð á það rík áhersla við stefnanda, að hann lyki við það, sem á vantaði, til að hefja framleiðslu á munum þeim, sem hann hafði sýnt fyrirsvarsmanni stefnda og voru með í kaupunum. Jafnframt hafi stefnanda verið skýrt frá því, að grundvöllur fyrir arðbærum rekstri verksmiðjunnar væri ekki fyrir hendi eins og væri, en hins vegar væri fyrirsvarsmaður stefnda reiðubúinn til að fresta úttekt á rekstrargrundvelli, þar til stefnandi hefði lokið undirbúningi að framleiðslu hinna nýju muna, en jafnframt hafi verið lögð rík áhersla á, að þessum undirbúningi yrði hraðað. Er því haldið fram, að á þessum grundvelli hafi fyrirsvarsmaður stefnda lýst sig reiðubúinn til að ræða við stefnanda um áframhald á rekstrinum og uppgjör á kaupverði, enda væri þá unnt að finna grundvöll fyrir arðbærum rekstri. Hafi þeir átt nokkra fundi sumarið 1970 og hafi þá verið gerð drög að tveimur samningum milli aðilja og skuldabréfi. Hins vegar hafi stefnandi hlaupist fyrirvaralaust úr

starfi og hafi því ekki orðið af frekari samningum, en stefnandi hafi þá vitað, að grundvöllur fyrir arðbærum rekstri verksmiðjunnar væri enginn.

Er því haldið fram af hálfu stefnda, að ársreikningar fyrir árin 1969 og 1970 séu hlutlægir, enda byggðir á uppgjöri til skatts, og sýni þeir, að rekstur verksmiðjunnar hafi ekki verið arðbær. Er á það bent í þessu sambandi, að flutningskostnaður og kostnaður við að setja niður vélar séu ekki taldir með. Þá er því haldið fram, að fyrning áhalda og véla sé eðlileg. Einnig er því haldið fram, að opinber gjöld hljóti að hafa áhrif á arðsemi fyrirtækis.

Samkvæmt samningi aðiljanna frá 29. janúar 1969 var um það samið, að kaupverð hins selda skyldi vera kr. 8.000.000.00. Skyldi stefndi greiða það með því að taka á sig og greiða eða semja um greiðslu á öllum skuldum stefnanda, sem áætlaðar voru 6.500.000.00 til kr. 7.000.000.00, en þær skyldu nánar greindar í sérsamningi aðiljanna. Ekki skyldu þó skuldirnar greiddar nema í samráði og með samþykki stefnanda. Mismun kaupverðsins, þ. e. kr. 8.000.000.00, og þeirra skulda, sem stefndi tók á sig, skyldi hann greiða stefnanda með skuldabréfi eða skuldabréfum, sem skyldu greiddast með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á næstu 10 árum, í fyrsta sinni í maímánuði 1970. Greiðsla mismunar kaupverðs og skulda stefnanda, sem stefndi tók á sig, skyldi þó ekki fara fram, ef það sýndi sig á næstu 12 mánuðum, að grundvöllur fyrir arðbærum rekstri verksmiðjunnar væri ekki fyrir hendi, en nánar skyldi kveðið á um þetta í samningi, er síðar skyldi gerður. Samkvæmt samningi aðiljanna var og ákveðið, að stefnandi skyldi verða fastráðinn starfsmaður við verksmiðju-rekstur stefnda, en sérstakur samningur skyldi gerður um starfssvið hans og skuldbindingar. Samkvæmt þessu var í samningi aðiljanna gert ráð fyrir þremur sérstökum samningum í tengslum við aðalsamninginn, þ. e. samningi um það, hverjar skuldir stefndi tæki að sér, þrátt fyrir orðalag samningsins „öllum skuldum“. Einnig er gert ráð fyrir sérstökum samningi um, hvernig rekstur verksmiðjunnar yrði metinn, og að lokum var gert ráð fyrir samningi um starfssvið og skuldbindingar stefnanda. Var eðlilegt og nauðsynlegt að gera þessa samninga fljótlega eftir gerð aðalsamningsins til að skapa traustan grundvöll fyrir samskipti aðiljanna. Samningurinn var gerður 29. janúar 1969 og því eðlilegast að líta svo á, að fljótlega eftir mánaðamót janúar og febrúar 1970 yrði skorið úr um það, hvorú grundvöllur væri fyrir arðbærum

rekstri verksmiðjunnar, enda var gert ráð fyrir fyrstu greiðslum af skuldabréfum í „ca. maímánuði 1970“. Ekki voru samningar þessir þó gerðir. Ekki er fram komið, að stefndi hafi látið fara fram uppgjör á rekstrargrundvelli verksmiðjunnar í árslok 1969, en ársreikningur fyrir árið 1969, sem lagður hefur verið fram í málinu, var ekki saminn fyrr en undir rekstri málsins. Ekki er heldur fram komið, að stefndi hafi látið fara fram uppgjör á rekstri verksmiðjunnar um mánaðamót janúar og febrúar 1970. Ársreikningur fyrir árið 1969 sýnir að vísu rekstrarhalla, sem nemur kr. 350.199.90. Eru nokkrir liðir reikningsins byggðir á mati fyrirsvarsmanna stefnda, en fjárhæðir liða þessara geta ráðið úrslitum um það, hvort reikningurinn sýni rekstrarhagnað eða ekki. Þykir reikningurinn ekki sýna ótvírætt, að verksmiðju-reksturinn hafi við lok ársins 1969 verið óarðbær. Niðurstöðutölur ársreiknings fyrir árið 1970 verða ekki lagðar til grundvallar um það, hvort reksturinn hafi verið arðbær um mánaðamót janúar og febrúar það ár. Samkvæmt þessu er ekki í ljós leitt, að það hafi sýnt sig á næstu 12 mánuðum eftir að aðiljarnir gerðu samning sinn, að grundvöllur fyrir arðbærum rekstri verksmiðjunnar væri ekki fyrir hendi. Hafa því ekki verið færðar sönnur að skilyrði því, sem gat leyst stefnda undan greiðslu á mismun skulda þeirra, sem hann tók á sig, og kaupverðsins, kr. 8.000.000.00. Er ágreiningslaust, að stefndi hafi tekið á sig að greiða í þessu sambandi kr. 6.273.393.00. Þykir stefnandi því eiga rétt á að krefja stefnda um greiðslu mismunar þessarar fjárhæðar og kaupverðsins, kr. 8.000.000.00, eða kr. 1.726.607.00, svo sem krafði er um í málinu. Hafa ekki verið færðar sönnur að því, að vanefndir hafi orðið á vinnuframlagi stefnanda í þágu stefnda, er geti firrt stefnanda rétti til fjárhæðar þessarar. Verður að líta svo á, að slíkar vanefndir hafi orðið af hálfu stefnda á samningi aðiljanna, að stefnanda sé nú rétt að krefja um greiðslu fjárhæðarinnar með þeim hætti sem gert er í máli þessu.

Verða úrslit málsins því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnnada kr. 1.726.607.00 ásamt vöxtum, sem reiknast 7% ársvextir frá 29. janúar 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvextir frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 250.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendum Guðmundi Skaftasyni, löggildum endurskoðanda, og Markúsi Sveinssyni framkvæmdastjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Kr. Kristjánsson h/f, greiði stefnanda, Jónasi Guðlaugssyni, kr. 1.726.607.00 með 7% ársvöxtum frá 29. janúar 1969 til 18. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 250.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1977.

Nr. 222/1976. **Sonja Kristinsson**
 (Hákon Árnason hrl.)
 gegn
Ragnari Steinbergssyni
 (sjálfur).

Fasteignasala.

Dómur Hæstaréttar.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari í Eyjafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. nóvember 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. október s. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum „hæfilega þóknun að mati Hæstaréttar“. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi leitaði til fasteignasölu stefnda í því skyni, að hún útvegaði honum kaupanda að húseign hans. Þykir sann- að, að kaupin hafi komist á fyrir tilstilli fasteignasölu-unnar, þótt annar aðili sæi um endanlega sammingsgerð. Á stefndi